

# Leigjendasamtökin

TENANTS ORGANISATION OF ICELAND

Hverfisgötu 8-10 (Alþýðuhúsið) 101 Reykjavík

Sími 552 3266 Fax 561 3266

Alþingi  
Erindi nr. P122/1420  
komudagur 24/3'98

Rvk. 23.3.1998.

Félagsmálanefnd Alþingis.

Varðandi frumvarp til laga um húsnæðismál, 507. mál.

Þótt stjórn Leigjendasamtakanna harmi ekki það viðamikla og dýra lánakerfi sem samkvæmt frumvarpi þessu á að leggja niður, þá er alls ekki ljóst af þessu frumvarpi hvað við tekur. Helst er að sjá að markaðsstefnu eigi að efla enn meir en verið hefur. Það getur stjórn Leigjendasamtakanna ekki samþykkt, enda gengur það þvert á stefnu samtakanna varðandi öruggt húsnæði og leysir engan vanda. Hér vantar ekkert húsnæði nema niðurgreiddar leiguíbúðir.

Stjórn Leigjendasamtakanna sér því ekki ástæðu til að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins en skorar á Alþingi að fella það og móta nýja stefnu í húsnæðismálum í þágu fólksins í landinu.

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við mál nr. 508.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar Leigjendasamtakanna.

Jón Kjartansson form.

